

# C Q T F



TF3SNN Sveinn Bragi Sveinsson var skipaður stöðvarstjóri ÍRA fyrir nokkru og hefur hann aldeilis tekið til hendinni. Allt annað er að koma í félagsheimilið núna þar er allt hreint og þrifalegt og gott skipulag á öllu. Myndin er af nokkrum keppnis dipolum ÍRA sem hengdar hafa verið uppá vegg. Myndina tók TF5BW

## Í þessu blaði

3. tbl.  
22. árg.  
júlí 2004



Frá ritstjóra . . . . .	2
Fundargerð aðalfundar ÍRA 15.05.2004. . . . .	3
Ársreikningar ÍRA 2003/2004 . . . . .	7
Reglugerð um starfsemi radóáhugamanna . . . . .	8
TF Útileikarnir 2004. . . . .	15
Frá aðalfundi ÍRA 2004. . . . .	16

Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptu*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradió sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.*
- Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmætastjóðarauðind.*
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradió meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2003-2004 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP  
Varaform: Sveinbjörn Jónsson TF8VET  
Ritari: Benedikt Guðnason TF3TNT  
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO  
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB  
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG  
Varam.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverjum fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradió

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

## Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar.

Jæja þá ættu þeir sem hafa barist fyrir því að morse verði lagt niður sem krafa til amatörprófs á Íslandi að vera ánægðir því með nýrri reglugerð þá er að fellt út og ætti nú ekkert að standa í veginum fyrir því að radióamatörum fjölgi umtalsvert þegar þessi skelfing hangir ekki lengur yfir mönnum.

Einhverveginn er ég þó ekki sannfærður um að svo verði en vona svo sannarlega að svo verði þegar þessi þröskuldur er horfinn.

Þó að ég hafi aldrei verið áhugamaður um morse og ekki notað það síðan ég fékk B leyfið á sínum tíma þá finnst mér sjónarsviptir af því að það sé ekki lengur krafa til prófs.

Ég lærði þetta á sínum tíma vegna þess að þess þurfti til að öðlast réttindi radióamatöra en ekki vegna brennandi áhuga og í seinni tíð hef ég haft þá skoðun að þurfi maður að leggja dálítið á sig til að öðlast eitthvað þá ber maður meiri virðingu fyrir því en ella.

TF útileikarnir verða að venju um verslunarmannahelgina og fylja reglurnar með í þessu blaði og er ætlun mín að setja upplýsingur um leikana á vefsíðuna okkar líka. Þar verða reglurnar, radiódagbókar blað og fleira sem þarf til þátttöku. Mun þetta fara á íslensku síðuna undir amatörradió í fyllingu tímans.

Sagan endalause heldur áfram en nú nýlega var farin ferð að endurvarpanum okkar á Vaðlaheiði og skipt um tíðni og síur. Nýja tíðnin er 145.025Mhz RX / 145.625Mhz TX. Ástæðan fyrir þessu er sú sama og áður sem sagt truflanir inná endurvarpann. Vonandi verður þetta til bóta en þó hefur orðið vart truflana eftir breytingu og eru mann farnir að velta því fyrir sér hvort þær geti verið veðurtengdar og að raki hafi eitthvað með það að gera. Verður þetta prófað á næstu vikum.

Aðalfundurinn var haldinn laugardaginn 15. maí og tókst ágætlega að öðru leiti en því að alltof fáir félagar mættu og finnst mér að félagar mættu sýna meiri áhuga á ákvarðanatöku fyrir félagið.

Nýlega skipaður stöðvarstjóri ÍRA TF3SNN Sveinn Bragi Sveinsson hefur unnið gott verk og er nú félagsheimilið í góðu standi, hreint og þrífalegt og blaða og bókasafn vel skipulagt og á hann þakkar skyldar fyrir verkið. Er þetta tækifæri notað til að biðja félaga að athuga hvort þeir gætu verið með eitthvað af bókum og blöðum sem félagið á og ef svo að koma þeim til Sveins eða í félagsheimilið.

73 de TF5BW

CQ TF júlí 2004

# Fundargerð aðalfundar ÍRA 15.05.04

Fundargerð ritaði Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Aðalfundur ÍRA haldinn í félagsheimilinu að Skeljanesi 15. 5. 2004

Formaður setti fund kl. 14:10 og minnsti hann fyrst látinna félaga, þeirra TF329, Stefáns Sigurðssonar; TF3BB,

Birgis Baldurssonar; TF3KM, Kristjáns Magnússonar og TF3AC, Guðjóns Einarssonar.

Þá var kosinn fundarstjóri TF3KB og fundarritari TF3VS, að því loknu var gengið til dagskrár.

Lögmæti fundar var kannað og auglýst eftir umboðum frá fjarstöddum félögum, sem engin reyndust.

Þá las TF3VS fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri gaf þá formanni orðið til að flytja skýrslu stjórnar og tók TF3HP til máls.

Greindi hann fyrst frá skiptingu í embætti innan stjórnar: TF3VET varaformaður; TF3AO gjaldkeri; TF3TNT ritari; TF3GB meðstjórnandi og forstöðumaður QSL þjónustu. Auk þeirra sátu varamenn, TF3SNN og TG3VG að jafnaði stjórnarfundir sem oftast voru haldnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. TF5BW sá sem fyrr um CQTF og vef félagsins; TF3KB var alþjóðatengill og TF3VS tengill við íslensk stjórnvöld.

Mikið starf þurfti að vinna vegna flutnings félagsaðstöðunnar úr Þróttheimum og í Skeljanes og tók ærinn tíma að koma öllu fyrir á sinn stað, loftnetum, tækjum og húsgögnum. Er því nú lokið og er flest eins og til er ætlast. Hefur stjórnin þó auglýst eftir bókum og öðrum gögnum félagsins til varðveislu, en jafnframt er ætlunin að koma upp safni gamalla tækja (ekki síst heimasmiðaðra), sérstaklega ef þau eru söguleg á einhvern hátt fyrir félagið og hafa þau til sýnis í félagsheimilinu.

Ný reglugerð fyrir radióamatöra tók gildi í

apríl. Helstu breytingar eru að nú er þess ekki lengur krafist að leyfishafi standist próf í morsfærni, verða því ekki gefin út fleiri T-leyfi og geta T-leyfishafar sótt um uppfærslu í G-leyfi; N-leyfið er nokkuð breytt og hafa þeir nú leyfi á flestum böndum og öllum mótunum, en með takmörkuðu afl; og að lokum hefur 7 MHz bandið verið stækkað um 100 kHz, en viðbótin er ekki með forgangi og með takmörkuðu afl. Þykir Póst- og fjarskiptastofnun sýna mikla viðsýni í þessum efnum og treystir amatörum sjálfum til að gæta marka sinna. Taka skal fram að full sátt var um þessar breytingar meðal stjórnar og prófnefndar.

Margar ráðstefnur radióamatöra eru haldnar á hverju ári. TF3TNT fór á eina slika, norræna VHF/UHF ráðstefnu. Þar tók hann að sér fyrir hönd ÍRA að sjá um árlega 50MHz keppni, og hefur ÍRA umsjón með stigagjöf og verðlaunatilnefningum. Keppni þessi er bara á milli Norðurlandanna og er ný af nálinni.

Ný stöð var keypt að fyrirmælum síðasta aðalfundar, Kenwood TS-2000. Hefur hún mikla möguleika, ekki síst fyrir gervihnattasambönd en hefur því miður lítið verið notuð það sem af er. Loftnetum til gervihnattaviðskipta hefur ekki enn verið komið upp, en um þessar mundir eru fáir hnettir nothæfir hér á norðurhveli. Mun það allt standa til bóta.

TF6GE hafði samband við stjórn og lagði til samvinnu á milli ÍRA og Tækniminjasafnsins á Seyðisfirði. Varð það að ráði að félagið legði safninu til Yaesu FT-101-ZD stöð sína, sem átti að selja, og aðstoði við að koma upp loftnetum. Safnið ætlar að reisa stálmastur og að auki trémastur. Einkenni stöðvarinnar verður TF6TFY. TF3MA hefur tekið að sér að vera til halds og trausts við loftnetsgerðina.

Nýtt vertikal loftnet var keypt og verður það sett á skúrþakið neðst í portinu og hefur

leyfi fengist fyrir uppsetningu á því þar. Force 12 loftnetið bilaði í roki og brotnaði ein eining í því en TF3FK gerði við hana og eru honum færðar bestu þakkir. Ný eining hefur verið pöntuð og er væntanleg með sumrinu.

Ekkert almennt námskeið hefur verið haldið frá síðasta aðalfundi, en nokkur hópur bíður nú eftir því. Verður þess freistað að halda námskeið strax í haust ef mannskapur fæst til leiðsagnar. TF3DX hélt námskeið í Háskólanum fyrir stúdenta sína og hafa nokkrir staðist prófið, en tveir þeirra eru þegar komnir í loftið og fleiri væntanlegir.

Nokkrir hafa þegar sótt um og fengið uppfaerslu frá T leyfi í G og eru fleiri væntanlegir í þann hóp.

Keppnismál eru í göðum höndum TF3AO og hefur keppniskall félagsins, TF3W, verið notað, en á Knarrarósi TF1IRA. Vonir standa til að hægt verði að fara í fjarskipta-leiðangra næsta sumar, t.d. í Viðey.

Eitt björkvöld var haldið í félagsheimilinu, en ekki aðrir félagsfundir.

Fundarstjóri þakkaði formanni skýrsluna og kallaði eftir athugasemdum og fyrirspurnum, sem engar urðu. Var svo skýrslan samþykkt einróma.

Þá var beðið um greinargerðir annarra embættismanna.

TF3GW sagði frá endurvarpamálum: Blá-fjöll ekki í gangi, sennilega rafmagnsleysi; Búri finn eftir síðustu yfirhalingu; Pétur ágætur eftir að hafa fengið formagnara, en ætti að verða enn betri með nýju loftneti sem er tilbúið fyrir hann; Smali er gallaður nú og truflast mikið. Aðaltruflanavaldur fannst og reyndist vera perur í Borgar-spítala. Skipt var um þær og lagaðist nokkuð en truflast samt af og til af óþekktum völdum. Allmikið er um að sparperur trufla fjarskipti, telur TF3GW að a.m.k. ein gerð frá Osram trufla mest, Sylvania eru betri. Hugsanlega mætti færa Smala til á tíðni til bóta og eru “GW” og Pof að vinna að því að reikna út betri staðsetningu. Tók TF3GW undir orð formanns um samstarfsvilja Póst- og fjarskiptastofnunar og kvað hann samstarf við þá með

besta móti.

Umsjónarmaður CQTF og vefsíðu, TF5BW tók til máls og greindi frá stöðu mála. Heimsóknir á vef eru stöðugar og eru orðnar um 45.000 frá upphafi. Útgáfa heiðursskjala er jöfn og þétt. Baráttan um CQTF er eins og áður, berjast þarf með kjaftri og klóm til að slíta greinar og fréttir út úr félögum svo hægt sé að fylla blaðið hvert skipti. Brýndi ritstjóri menn til að hrista af sér slenið og senda efni inn. Aðeins einn dálkahöfundur, Niels TF3NJ, er félaginu til sóma í þessum efnum og stendur aldrei á efni frá honum.

TF3AO sagði frá keppnishaldi, ómögulegt virðist að smala í CW keppni, en betur gengur fyrir SSB. Örfáir félagar tóku þátt í IMD deginum. Skilyrði hafa verið léleg, t.d. náðust aðeins um 800 sambönd í WPX keppninni, en í þeirri sömu fyrir fjórum árum voru þau nær 4.000. Óskaði hann eftir þátttöku fleiri félaga í keppni. Norræn 6m keppni verður undir umsjón ÍRA í júní, TF3TNT, TF3SNN og TF3VG sjá um þátt félagsins í henni.

TF3KB talaði um IARU-mál. Afl og samtakamáttur alþjóðasamtakanna er gríðarmikill og skiptir miklu fyrir alla amatöra. Nefndi hann að stækkun 7 MHz bandsins og niðurfelling mörsprófs séu mál sem eru þróuð og reglur um þau samdar af amatörum jafnvel þótt þau séu svo að lokum borin fram og samþykkt af ITU.

Engar fyrirspurnir eða athugasemdir voru gerðar við greinargerðir embættismanna.

Gjaldkeri bar fram reikninga félagsins. TF3DC hefur ekki undirritað þá sem skoðunarmaður, en hann hefur þó verið í stöðugu sambandi við gjaldkera um framsetningu og fyrirkomulag þeirra.

Varaskoðunarmaður, TF3GW áritaði reikninga í hans stað. Lýsti svo gjaldkeri reikningum, sagði frá tekjum og gjöldum.

Nokkrar umræður urðu um reikningana, t.a.m. að ekki kæmi fram í þeim að stöð hefði verið keypt fyrir 150 þús. kr. Kvað gjaldkeri að það kæmi fram í auknum eignum í bókhaldinu og væri fært svo að ábendingum aðalskoðunarmanns.

Voru nú reikningar bornir undir atkvæði og

samþykktir án móttakvæða.

Næsta mál á dagskrá voru lagabreytingar.

Frá stjórn voru orðalagsbreytingar vegna breytinga á reglugerð um starfsemi radióamatóra:

12. gr. ... skulu hafa B eða C leyfi... breytist í ... skulu hafa G-leyfi...

23. gr. Í prófnefnd...C-leyfishafar... verði ... G-leyfishafar.

26. gr. ... taki gildi á aðalfundi 2004.

Frá TF3KB, borið fram á síðasta aðalfundi: Við 26. gr. bætist: Þó getur aðalfundur samþykkt breytingar á félagssamþykktum, sem fram koma á fundinum, séu 88% fundarmanna samþykktir.

Tillaga frá TF3DX borin fram á síðasta aðalfundi: Stjórn er heimilt að bjóða nýjum félögum 1. árið án félagsgjalds, þá án kjörgengis og kosningaréttar.

Nokkuð var rætt um tillögu stjórnarinnar hvort binda ætti hana við G-leyfi eingöngu eða hafa T-leyfi einnig með, en ekki komu þó fram tillögur um að breyta tillögu stjórnarinnar.

Var þá gengið til atkvæða um laga-breytingar.

Tillaga stjórnar var samþykkt einróma.

Tillaga TF3KB var samþykkt samhljóða.

Tillaga TF3DX var samþykkt samhljóða.

Næst var tekið kaffihlé

Að hléi loknu var gengið til stjórnarkjörs.

Stungið var upp á TF3HP sem formanni áfram, önnur framboð voru ekki og var það samþykkt með lófataki.

Úr stjórn eiga að ganga TF8VET og TF3GB. TF8VET gefur ekki kost á sér áfram og var stungið upp á TF3GB og TF3GW, og voru þeir sjálfkjörnir.

Sem varamönnum var stungið upp á TF3SNN og TF3VG og voru þeir sjálfkjörnir. Skoðunarmenn reikninga; stungið upp á TF3DC og til vara TF3HKT og til prautavara TF3VS. Voru þeir sjálfkjörnir.

Næst var ákvörðun árgjalds. Gjaldkeri lagði til óbreytt gjald, 4.000 og var það samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

Formaður sýndi drög að borðfána félagsins. Lagði hann til að stjórn yrði heimilað að láta

framleiða fána og yrðu þeir seldir á 1200 kr. TF5BW spurði um barmmerki og kaffi-krúsir, hvort ekki mætti framleiða slíkt til sölu einnig. Jakob Kolbeinsson spurði um límmerki í bílrúður sagði formaður að trúlega væru 10 slík enn til sem hefðu fundist í flutningunum. TF5BW taldi að félagið ætti ævinlega að eiga til merki og fána til sölu til félagsmanna. TF3VS benti á að ekki væri mjög dýrt að láta framleiða útsaumuð merki erlendis. Samþykkti svo fundurinn samhljóða að heimila stjórn að láta framleiða hvaðeina af því sem rætt var um eftir efnum og aðstæðum.

Jakob Kolbeinsson lagði til að haldið yrði námskeið sem fyrst. Formaður sagði að síðustu tvö almennu námskeið hefðu verið haldin af Radióskátum og hefði hann nýlega rætt við félagsfóringja þeirra og leitað hófanna á samstarfi að nýju. Var tekið vel í það og eru allar líkur á góðu námskeiði í haust. Pakkaði Jakob fyrir undirtektir og mælti með því að gert yrði átak til þess að koma fleiri mönnum í loftið og jafnframt í félagið.

TF5BW velti fyrir sér ástæðum þess að margir taka námskeið og próf en fara svo aldrei í loftið. TF3KB sagðist hafa undrast þetta í yfir 30 ár, nefni hann námskeið sem hann hélt forðum, 60 sóttu námskeiðið, 9 tóku próf og aðeins 1-2 urðu svo virkir amatórar. Voru þeir sammála um að ekkert eitt atriði stæði í veginum, tíðarandinn veldur því að ásóknin er ekki meiri en raun ber vitni. Jakob ítrekar að námskeið verði haldið í haust!

TF3VS kvaddi sér hljóðs og vakti athygli á þeim stakkaskiptum sem orðið hafa á öllum brag félagsheimilisins síðan TF3SNN tók við stöðu stöðvarstjóra. Mikil reiða er á öllum hlutum nú og snyrtimennskan allsráðandi. Var hann á því að ástandið hefði aldrei verið betra svo hann vissi til. Tóku fundarmenn undir þetta og var Sveini þakkað með dynjandi lófataki.

TF5BW kvartaði yfir skorti á fréttum frá félaginu. Fréttasíðan á netinu er illa nýtt að hans mati og hvetur hann til úrbóta. Jafnframt kvað hann kontestlogga ekki berast lengur til birtingar á netinu. TF3AO



og TF3GB ætla að bæta úr þessu og senda sameinaðan 35.000 sambanda keppnislogg til hans.

TF3KB spurði um innflutninginn á Kenwoodstöð félagsins, en þar reyndi á innflutning amatöra á 0-CE merktum tækjum til eigin nota. Var það fordæmi, eða gætu menn lent í veseni síðar. TF3HP svaraði og sagði að með þessum innflutningi hafi verið sett sú vinnuregla hjá tollinum í framhaldi af úrskurði frá Póst- og fjarskiptastofnum að amatörtæki, flutt inn af leyfishöfum, þurfi ekki að vera CE merkt, enda séu þau undanþegin því á alþjóðavettvangi.

TF3KB spurði um hug manna til morskunnáttu. Nú þegar hún er ekki lengur prófuð af yfirvöldum, ætti þá félagið að gefa út “diplómur” um slíka kunnáttu fyrir þá sem vilja? Ekki var ályktað um málið á fundinum, en því vísað til stjórnar til úrlausnar.

TF3GW nefndi 7 MHz stækkunina, hvort ekki hefði verið rétt að biðja um tímamörk á ákvæðið um takmörkun réttinda þar. Stjórnin svaraði því til að mönnum hefði ekki hugkvæmst það, en óvíst væri hvort það skipti nokkru máli í raun.

TF3KB spurði hvort ekki hefði komið til greina að biðja um 5 MHz bandið í leiðinni þegar 7 MHz var aukið. Ekki var talið rétt að blanda því saman, 5 MHz bandið er hvergi eins á milli landa og því fátt sem hægt var að vísa beint í í því sambandi. TF3KB benti á að þetta væri forvitnilegt band að reyna fyrir innanlandssambönd þegar bæði 40 og 80 metramir væru lokaðir. Fleiri mála voru ekki borin upp.

Tók formaður þá til máls, þakkaði hann mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 17:30

Fundargerð ritaði Vilhjálmur Sigurjónsson, TF3VS.

Viðstaddir fundinn voru:

TF3VS, TF3AS, TF3LG, TF3SNN, TF3KB, TF3HP, TF3GB, TF3FK, TF3TF, TF3HKT, TF5BW, TF3GW, TF3AO og Jakob Kolbeinsson.

## TF útileikarnir framhald.

endurvarpa. Fjarlægðir reiknast á grundvelli QTH reits (QTH lokaror) milli miðpunkta þeirra reita (“sub-square”), sem stöðvarnar eru í.

## 6. Margfaldarar

Þeir eru þrír: M1 er fjöldi íslenskra kallmerkja, sem haft var QSO við. M2 er fjöldi íslenskra kallsvæða sem haft var samband við eða úr. Hvert kallsvæði talið einu sinni. M3 fer eftir aðstæðum  $M3=10$  fyrir ER stöðvar, sem bornar voru með aflagjafa meira en eins kílómetra leið á áfangastað.  $M3=8$  fyrir aðrar ER stöðvar.  $M3=5$  fyrir RA stöðvar.

## 7. RA Heimastöðvar

Þær fá hvorki punkta né margfaldara fyrir aðrar RA stöðvar né stöðvar erlendis. Þetta gildir ekki um íslenska þátttakendur erlendis.

## 8. Lokaárangur

Lagðir eru saman punktar allra banda (samanber þó að 40/20/15/10 metrar reiknast sem eitt band). Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara:

Lokaárangur = Punktar \* M1 \* M2 \* M3

Hafi menn ekki starfækt stöðvar sínar allan tíman á sama M3 margfaldara, er tekið vegið meðaltal, þ.e.:

$M3=10 * P10 + 8 * P8 + 5 * P5$

Heildarpunktafjöldi

Þar sem P10 er punktafjöldi með M3=10, P8 er punktafjöldi M3=8 og P5 er punktafjöldi með M3=5.

## 9. Flokkar

Þátttaka er í fjórum flokkum:

1. Hlustarar.
2. Nýliðar.
3. HF/MF flokkur
4. VHF/UHF flokkur.

Hlusturum reiknast punktar skv. 5. lið á grundvelli fullgildra útileika-QSOa og QTCa sem þeir heyra og skrá rétt. Þátttaka í HF/MF flokki og VHF/UHF flokki er alveg óháð og hvorki punktar né margfaldarar færast á milli þótt sami þátttakandi taki þátt í báðum flokkum. Gildir það einnig um hlustara.

## 10. Dagbók

Afriti af dagbók skal skila til ÍRA fyrir 1. Október. Þar skal skráð kallmerki, tími, dagsetning, band, punktar, margfaldarar og skilaboð, bæði send og móttækin. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda punkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

## 11. Vafaatriði

Rísi einhver vafaatriði um túlkun reglna hefur stjórn ÍRA eða þeir sem hún tilnefni endanlegt úrskurðar vald.

**Góða Skemmtun.**

**CQ TF júlí 2004**

# Ársreikningur ÍRA 2003/2004

Ársæll Óskarsson gjaldkeri ÍRA

## Rekstrarreikningur 01.04.2003-31.03.2004

<b>Tekjur:</b>	2002/2003	2001/2002
Félagsgjöld (92)+eldri=(24) .....	379.000	340.608
Vaxtatekjur .....	58.348	47.851
Aðrar tekjur .....	8.148	12.000
NRAU þing .....	13.900	456.390
Framlög .....	4.000	
Auglýsingar .....	15.000	
<b>Samtals .....</b>	<b>478.396</b>	<b>856.848</b>

## Gjöld:

Húsaleiga .....	0	40.000
Bankakostnaður Bókhaldskostnaður .....	23.775	4.994
Póstkostnaður .....	33.875	27.238
Rekstur félagsstöðvar .....	36.196	127.937
Framkvæmdir í félagsaðstöðu .....	34.296	10.324
Erlend félagsaðild .....	13.318	14.170
Kaffi og meðlæti .....	15.188	8.352
Fjármagnstekjuskattur / Vaxtagjöld .....		65
Ljósritun/Pappír .....	4.500	0
Minningargjafir .....	1.800	0
Annað .....	0	7.918
NRAU þing .....	48.600	490.648
<b>Samtals .....</b>	<b>211.548</b>	<b>217.636</b>

<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>266.847</b>	<b>731.632</b>
----------------------------------	----------------	----------------

## Efnahagsreikningur 31. Mars 2004

Bankainnistæður .....	289.646	286.112
Verðbréfaeign .....	543.520	485.440
Áhöld, tæki og búnaður .....	734.684	529.451
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>1.567.850</b>	<b>1.301.003</b>

## Skuldir og eigið fé

<b>Skuldir: .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Eigið fé:</b>		
Höfuðstóll frá fyrra ári .....	1.301.003	1.175.786
Tekjur umfram gjöld ársins .....	266.847	125.217
<b>Skuldir og eigið fé samtals .....</b>	<b>1.567.850</b>	<b>1.301.003</b>

CQ TF júlí 2004

# Reglugerð um starfsemi radióáhugamanna

Nr. 348

19. apríl 2004

## REGLUGERÐ um starfsemi radióáhugamanna.

1.gr.  
*Gildissvið.*

Reglugerð þessi nær til starfsemi radióáhugamanna á sviði þráðlausra fjarskipta og kveður á um réttindi þeirra og skyldur.

2.gr.  
*Orðskýringar.*

*Radióáhugamannaþjónusta:* Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem hefur að tilgangi eigin þjálfun, samskipti á ljósvakanum og tæknilegar athuganir sem radióáhugamenn annast, þ.e. einstaklingar sem fengið hafa til þess heimild. Þjónustan er eingöngu í þágu einstaklinga og má ekki nota til fjárhagslegs ávinnings.

*Radióáhugamannaþjónusta um gervitungl:* Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem notar gervitungl í sama tilgangi og önnur radióáhugamannaþjónusta.

*CEPT:* Conference Européenne des Administrations des Postes et des Telecommunications, samtök stjórnvalda á sviði pósts og fjarskipta í Evrópu.

*ITU:* International Telecommunication Union, Alþjóðasamband Fjarskiptamála.

*Kallmerki:* Röð tákna sem gerir kleift að bera kennsl á einstakan leyfishafa.

3.gr.  
*Leyfi Radióáhugamanna.*

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi radióáhugamanna að fengnum umsóknum. Stofnunin skal leita umsagnar félagsins íslenskir radióamatörar áður en leyfi er gefið út.

Íslenskir ríkisborgarar geta sótt um leyfi radióáhugamanna og sömuleiðis erlendir ríkisborgarar sem dvelja hér á landi langdvölum. Erlendir ríkisborgarar geta einnig sótt um leyfi samkvæmt 9. gr., þegar við á.

Leyfi radióáhugamanna skulu aðgreind í G- og N-leyfi. Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi standast próf sem staðfestir hæfni hans til að starfa sem radióáhugamaður á sviði þráðlausra fjarskipta og rafeindatekni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að taka gilt sem prófvottorð fyrir G-leyfi skirteini



loftskeytamanns.

Umsækjendur um leyfi radióáhugamanna sem ekki hafa náð 15 ára aldri verða að leggja fram með leyfisumsókn samþykki forráðamanns sem jafnframt skal gangast undir ábyrgð um að farið verði að reglum.

#### 4. gr.

##### *Heimildir radióáhugamanna.*

Radióáhugamönnum er heimilt að stunda fjarskipti í þeim tíðnisviðum sem talin eru upp í viðauka í samræmi við tegund leyfis. Um það hvaða tíðnisvið má nota fyrir sendingar radióáhugamanna um gervitungl vísast til alþjóðaradióreglugerðarinnar. Fyrir hvert tíðnisvið er sýnt hámarksafl sendis og mesta leyfilega bandbreidd. Í sérstökum tilfellum getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt tímabundna heimild til notkunar meira afls. Útsendingaraðferðir sem rúmast innan hámarksbandbreiddar í viðkomandi tíðnisviði eru leyfilegar. Radióáhugamönnum er heimilt að setja saman búnað fyrir þráðlaus fjarskipti í eigin þágu og þurfa ekki gerðarsamþykki fyrir slíkum búnaði. Búnað radióáhugamanna má ekki nota í öðrum tilgangi en þessar reglur kveða á um. Radióáhugamönnum er einnig heimilt að tengja hvers kyns loft-net við búnað sinn. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett takmarkanir á stefnumögnun loftneta eða útgeislað afl ef ljóst er að hætta sé á að annar fjarskiptabúnaður, þ.m.t. útvarpsviðtæki, yfirstýrist af sendingu radióáhugamanns. Einnig getur stofnunin sett takmarkanir á útgeislað afl ef sýnt þykir að heilsu manna geti stafað hætta af útgeisluðu afli.

Radióáhugamönnum sem fengið hafa G-leyfi er heimilt að veita lærlingum aðgang að stöð sinni. Leyfishafa er skylt að hafa í einu og öllu umsjón með þátttöku lærlingsins. Áður en leyfishafi heimilar lærlingi að nota búnað sinn skal hann tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun formlega um nafn lærlingsins og hversu lengi fyrirhugað er að lærlingnum verði veittur aðgangur að búnaði leyfishafa.

#### 5. gr.

##### *Próf og prófkröfur.*

Póst- og fjarskiptastofnun heldur próf fyrir radióáhugamenn að jafnaði að vori og hausti. Væntanlegir þátttakendur skulu tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar annaðhvort skriflega eða með tölvupósti eigi síðar en viku fyrir próf en próf falla niður ef fyrirhuguð þátttaka réttlætir ekki að þau séu haldin. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið samtökum radió-áhugamanna að hafa umsjón með prófum og taka þátt í gerð prófgagna. Stofnunin getur einnig falið samtökum radióáhugamanna að annast próf enda sé tilnefndur ábyrgðarmaður af hálfu samtakanna. Samtök radióáhugamanna bera sjálf kostnað af þátttöku sinni í prófhaldi.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út ef þess er óskað prófskírteini sem eru í samræmi við tilmæli CEPT 61-02 (Harmonised Amateur Radio Examination Certificate, HAREC). Próf-kröfur taka mið af sömu tilmælum eftir því sem við á og eru eftirfarandi:

a) N-próf

1. Grunnatriði í rafmagns- og radiófræði.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radióáhugamenn.

b) G-próf

1. Tækni:
  - Raf-, rafsegul- og radiófræði.
  - Íhlutir.
  - Rásir.
  - Viðtæki.
  - Sendar.
  - Loftnet og sendilínur.
  - Útbreiðsla rafsegulbylgna.
  - Mælingar.
  - Truflanir og truflanavernd.
  - Öryggismál í sambandi við rafmagn.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur um viðskipti og aðferðir:
  - Stöfun með orðum.
  - Q-skammstafanir.
  - Skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum.
  - Alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum.
  - Kallmerki.
  - Skipulag alþjóðlegu radióáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radióáhugamanna.
3. Innlendar og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna: Radióreglugerð ITU. Reglur CEPT.

Innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.  
Póst- og fjarskiptastofnun setur nánari reglur um efni til prófs í samræmi við tilmæli CEPT.

Próf skulu vera skrifleg en heimilt er að bregða út af því er aðstæður réttlæta. Póst- og fjarskiptastofnun skipar prófdómara nema samtökum radióáhugamanna hafi verið falið að annast próf.

6. gr.

*Lagnir og tækjabúnaður.*

Radióáhugamenn skulu ganga úr skugga um að allar lagnir sem tengja búnað þeirra við rafmagnsnetið, svo og búnaðurinn sjálfur, samræmist opinberum reglum um raforkuvirki. Spenna á rásum í heimasmiðuðum búnaði N-leyfishafa skal ekki vera hærri en 50 volt.

Allur sendibúnaður leyfishafa skal hafa tíðnistöðugleika í samræmi við kröfur alþjóðaradióreglugerðarinnar. Óæskileg útgeislun skal einnig vera takmörkuð við ákvæði alþjóðaradióreglugerðarinnar.

7.gr.

*Staðsetning búnaðar.*

Í leyfisbréfi skal koma fram hver sé notkunarstaður búnaðar leyfishafa nema þegar um far- eða burðarstöð er að ræða. Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun þegar í stað um nýtt aðsetur leyfishafa. Leyfishöfum er heimilt að flytja búnað sinn tímabundið á annan stað. Leyfishafar geta fengið heimild til reksturs sameiginlegrar stöðvar. Ábyrgðarmaður slíkrar stöðvar eða samtök radióáhugamanna skulu senda Póst- og fjarskiptastofnun umsókn þar að lútandi. Stofnunin getur áskilið að rekstur slíkrar stöðvar sé undir eftirliti ábyrgðarmanns eða samtakanna.

8.gr.

*Kallmerki.*

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar leyfishöfum kallmerki sem nota skal í öllum viðskiptum. Íslensk kallmerki hefjast á bókstöfunum TF en á eftir fylgir tölustafur sem gefur til kynna landshlutann þar sem leyfishafi er staðsettur og síðan einn til þrjú bókstafir sem eru einstaklingsbundnir. Forðast skal að úthluta sömu bókstafaröð í mismunandi landshlutum. Kallmerki N-leyfishafa skal enda á þremur bókstöfum og er síðasti stafurinn alltaf N.- Póst- og fjarskiptastofnun getur úthlutað sérstöku kallmerki vegna reksturs sameiginlegrar stöðvar jafnvel þó að þeir sem að slíkum rekstri standa hafi sitt eigið kallmerki.

Lærlingar hjá leyfishafa skulu nota kallmerki hans að viðbættu skástriki og bókstafnum Q og til viðbótar tölustaf sem gefur til kynna röð lærlingsins hjá viðkomandi leyfishafa.

Leyfishafar sem nota far- eða burðarstöðvar skulu bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og bókstafnum M eða P eftir því hvort um far- eða burðarstöð er að ræða. Þegar leyfishafi notar búnað sinn tímabundið á nýjum stað skal hann bæta við kallmerki sitt skástriki og tölustaf sem gefur til kynna svæðið sem hann er fluttur til.

Radióáhugamenn með erlend réttindi sem starfrækja búnað sinn hér á landi í samræmi við 2. mgr. 9. gr. skulu skeyta bókstöfunum TF ásamt skástriki framan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu. Aðrir radióáhugamenn með erlend réttindi sem fá tímabundið leyfi hér á landi skulu skeyta skástriki og bókstöfunum TF aftan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu.

Leyfishafar skulu auðkenna sendingar með kallmerki sínu hvort sem um Morse eða tal er að ræða. Kallmerkið skal gefa upp sem fyrst eftir byrjun sendingar og alltaf í lok hennar.

9.gr.

*Leyfi radióáhugamanna með erlend réttindi.*

Radióáhugamenn með erlend réttindi geta starfað hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þeir sem dvelja skamman tíma hér á landi og hafa aflað sér CEPT leyfisbréfs

ráðió-á hugamanns í heimalandi sínu geta starfrækt far- eða burðarstöð í samræmi við leyfisbréfið í allt að þrjú mánuði. Heimildin til að starfrækja búnaðinn á Íslandi gildir þó ekki lengur en leyfisbréfið. Ráðióá hugamönnum með erlend réttindi sem uppfylla ákvæði þessarar máls-greinar er einnig heimilt að starfrækja búnað íslenskra ráðióá hugamanna innan marka leyfis síns.

Ráðióá hugamenn sem dvelja hér lengur en þrjú mánuði og geta framvísað samræmdu prófskírteini, sbr. 5. gr., geta sótt um íslenskt leyfi og sömuleiðis aðrir ráðióá hugamenn með erlend réttindi sem Póst- og fjarskiptastofnun telur fullnægjandi.

#### 10. gr.

##### *Innihald viðskipta.*

Viðskipti ráðióá hugamanna skulu beinast að því að auka þekkingu á eðli og útbreiðslu þráðlausra fjarskipta og til þess að auka skilning manna á milli. Ekki eru takmarkanir á inni-haldi fjarskipta að öðru leyti en því að óheimilt er að veita þriðja aðila fjarskiptapjónustu gegn beinni eða óbeinni greiðslu eða senda auglýsingar, áróður og skemmtiefni, þ.m.t. hljómlist. Óheimilt er að nota dulmál við sendingar. Þegar um er að ræða sendingu á stafrænum upplýsingum skal nota aðgengilegar samskiptareglur.

Ráðióá hugamenn sem hafa leyfi til þráðlausra fjarskipta skulu án endurgreiðslu aðstoða stjórnvöld og almenning við að koma tilkynningum um alvarleg slys, náttúruhamfarir eða annað hættuástand til rétttra neyðar- og björgunaraðila. Sending gabbmerkja er stranglega bönnuð og getur varðað leyfissviptingu.

Ráðióá hugamenn skulu virða ákvæði 43. gr. laga um fjarskipti um þagnarskyldu.

#### 11. gr.

##### *Dagbók.*

Mælt er með því að ráðióá hugamenn haldi dagbók yfir viðskipti sín t.d. í tölvutæku formi. Eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar skal framvísuð dagbók leyfishafa ef grunur leikur á um að truflun hafi hlotist af starfsemi leyfishafa eða að ákvæði leyfisbréfs hafi verið brotin.

#### 12. gr.

##### *Aðstoð við eftirlit.*

Ráðióá hugamenn skulu eftir mætti aðstoða eftirlitsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar við leit að truflunum sem taldar eru stafa frá stöðvum ráðióá hugamanna, m.a. með því að aðstoða við miðun á truflanavaldi. Slík aðstoð skal vera endurgjaldslaus nema um annað hafi verið samið fyrirfram.

#### 13. gr.

##### *Aðgangur eftirlitsmanna.*

Eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar skal heimilaður aðgangur að

búnaði radióáhugamanna sem fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar í því skyni að kanna hvort hann samræmist reglugerðinni. Leiki á grunur um að búnaður radióáhugamanns valdi truflunum á annarri fjarskiptastarfsemi skal hann veita eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar aðstoð við að stöðva truflanirnar.

14.gr.

*Niðurfelling leyfa.*

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að undangenginni rannsókn að fella leyfi radióáhugamanns úr gildi ef um alvarlegt brot á ákvæðum leyfisbréfs, laga um fjarskipti eða þessarar reglugerðar er að ræða.

15.gr.

*Leyfisgjöld.*

Fyrir leyfisbréf greiðist samkvæmt gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfið tekur ekki gildi fyrr en að gjaldið hefur verið innt af hendi. Sama gjald greiðist fyrir samræmt próf-skírteini.

16.gr.

*Fjarskipti á hættutímum.*

Á ófriðartíma getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

17.gr.

*Lög og reglur.*

Radióáhugamönnum ber að haga starfsemi sinni í samræmi við lög um fjarskipti og reglugerðir og reglur sem settar eru með heimild í lögnum.

18.gr.

*Viðurlög.*

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 107/1999.

19.gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 68. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 stað-festist hér með til að öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 298/2002.

*Samgönguráðuneytinu, 19.*

*apríl 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# VIÐAUKI

## Tíðnisvið radióáhugamanna, sendiafl og bandbreidd.

Tíðnisvið	Forgangs-flokkur	N-Leyfi	G-leyfi	Bandbreidd
135,7-137,8 kHz	2		100	1 kHz
1.810-1.850 kHz	1	100	1000	6 kHz
1.900-2.000 kHz	2	10	10	6 kHz
3.500-3.800 kHz	1	100	1000	6 kHz
7.000-7.100 kHz	1	100	1000	6 kHz
7.100-7.200 kHz	2	100	100	6 kHz
10.100-10.150 kHz	2	100	1000	1 kHz
14.000-14.350 kHz	1	100	1000	6 kHz
18.068-18.168 kHz	1	100	1000	6 kHz
21.000-21.450 kHz	1	100	1000	6 kHz
24.890-24.990 kHz	1	100	1000	6 kHz
28.000-29.700 kHz	1	100	1000	18 kHz
50-52 MHz	2	50	100	18 kHz
144-146MHz	1	50	500	18 kHz
430-440 MHz	1	50	500	30 kHz
1.240-1.300 MHz	2	50	100	20 MHz
2.300-2.450 MHz	2	50	100	20 MHz
5.650-5.850 MHz	2	50	100	20 MHz
10-10,5 GHz	2	50	100	50 MHz
24-24,05 GHz	1	50	100	50 MHz
24,05-24,25 GHz	2	50	100	50 MHz
47-47,2 GHz	1	50	100	50 MHz
76-77,5 GHz	2	50	100	100 MHz
77,5-78 GHz	1	50	100	100 MHz
78-81 GHz	2	50	100	100 MHz
122,25-123 GHz	2	50	100	40 MHz
134-136 GHz	1	50	100	100 MHz
136-141 GHz	2	50	100	100 MHz
241-248 GHz	2	50	100	100 MHz
248-250 GHz	1	50	100	100 MHz

Ath. Sendiaflið er toppgildi aflsins (PEP), þ.e. hæsta meðal afl sem sendirinn gefur frá sér á hverri períóðu RF-merkisins í 50/300/600 ohma endurkastslaust álag.

Forgangsflokkur nr. 1 merkir að radióáhugamenn eigi forgang að tíðnisviðinu, ef til vill með öðrum notendum. Forgangsflokkur nr. 2 merkir að radióáhugamenn megi ekki trufla aðra notendur í sama tíðnisviði sem eru í 1. forgangsflokki og að radióáhugamenn njóta ekki verndar gegn truflunum frá þeim.



# TF útileikarnir 2004

TF-útileikarnir verða haldnir um verslunarmanna-helgina. Tilgangur útileikana er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörráðis.

## 1. Aðalþáttöku tímabil:

kl. 1700-1900 laugardag 31. júlí 2004

kl. 0900-1200 sunnudag 1. ágúst 2004

kl. 2100-2400 sunnudag 1. ágúst 2004

kl. 0800-1000 mánudag 2. ágúst 2004

Þó má hafa samband hvenær sem er um verslunarmannahelgina, enda fari heildar þáttökutími hverrar stöðvar ekki yfir 9 klst. miðað við höfð QSO. Sé stöð opnuð og samband haft, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálfími til viðbótar reiknast 30 mín. Samband við sömu stöð á sama bandi telst gilt svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi. Þrjú sambönd er hámarks fjöldi sambanda við sömu stöð á sama bandi, samanber þó að 40/30/20/17/15/12/10 metrar reiknast sem eitt band. Þeir sem eru með VFO ættu ekki að rabba um daginn og veginn á tíðnum hinna sem eru kristalstýrðir. Munið nýju innanlandstíðnina 3633 kHz.

## 2. Skilaboð

a) Lágmarksupplýsingar sem skipt er á eru: RST og QSO númer. Athugið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkinu. Þetta er nægjanlegt til fullgildra sambanda.

Auk þess geta þátttakendur fengið viðbótarþunkta fyrir að skiptast á eftirtöldum upplýsingum:

b) QTH eða QTH-lokator, loftnet, inngangsafl í wöttum og ER eða RA.

ER (Ekki rafveita) þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að engu leiti frá rafveitukerfi.

RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt að einhverju leyti frá rafveitukerfi.

Einnig eru gefnir þunktar fyrir:

c) QTC (Skilaboð) bæði send og móttækin. QTC eru upplýsingar um QSO (tíma, kallmerki og tíðni), sem þátttakandi hefur haft áður í útileikunum og sendir annari stöð ásamt þeim upplýsingum, sem hann tók á móti. Upplýsingar um hvert QSO má aðeins senda einusinni í QTC og má sendingin fara fram á hvaða þáttökutímabili og bandi sem er (þó ekki HF QSO á VHF eða öfugt). Senda má hámark þrjú QTC (þ.e. upplýsingar um 3

QSO) til hverrar stöðvar og QTC-ið má ekki greina frá QSOi þeirra á milli. QTC má ekki segja frá utanlands-QSOi nema við íslending erlendis. Aðeins má senda hvert QTC einu sinni.

Dæmi: QTC 1630 TF3ÞÞ 3633 569 012 Hengill LW 5W ER.

Sá sem sendi þetta hafði QSO við TF3ÞÞ kl. 1630 á 3633 kHz og tók á móti RST 569 og QSO númeri 012 frá honum og því að hann var staddur í Hengli, notaði LW og var með 5W ER stöð.

## 3. Fullgild QSO

Samband telst þá og því aðeins fullgilt að:

a) Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum rétt.

b) RST og QSO númer séu rétt móttækin hjá báðum.

c) Heyrst hafi R (“Roger”) eða allt rétt móttækið frá stöðinni, sem skipt er við um að hún hafi náð öllu réttu.

## 4. Bönd

Nota má öll amatörbönd, sem heimil eru skv. reglugerð og leyfisbréfi þátttakanda. Þó er þátttaka á tíðnum á VHF og UHF alveg óháð þáttöku á HF og MF (sjá 9. lið). Enn fremur reiknast 40/20/15/10 metra böndin sem eitt band í þunktagjöf.

## 5. Þunktar

Þunktar eru reiknaðir fyrir viðskipti við stöð ef fullgilt QSO næst við hana skv. skilgreiningumni að framan (liður 3). Þunkta fjöldi á hverju bandi fer eftir þeim upplýsingum sem skipt er á þannig:

A) Fyrir rétt RST og QSO númer 10p.

B) Fyrir rétt QTH, loftnet, afl ER/RA 10p.

Fyrir rétt QTC sent eða móttækið:

C) Innihald: tími, kallmerki, tíðni, RST og QSO númer 10p.

D) Innihaldi QTC að auki: QTH, loftnet, afl, ER/RA 10p.

Þunktar reiknast aðeins ef upplýsingaskiptin eru gagnkvæm, þ.e. ef 3b) eða 3c) upplýsingar nást aðeins aðra leiðina reiknast engir þunktar fyrir það.

Framantalið gildir fyrir QSO innanlands og við íslendinga erlendis. Fyrir erlendar stöðvar, ekki starfræktar af íslendingum:

E) Innihald: RST (QSO númer sé skráð en ekki gefið) 1p.

F) Sé að auki skipt á nafni, afl og QTH 1p.

Engir þunktar fyrir QTC.

Á VHF og UHF má hafa samband gegnum endurvarpa eða beint. Til viðbótar fást þar 10 þunktar fyrir hvern km. sem haft er QSO án

Framhald á blaðsíðu 6

# Frá aðalfundi ÍRA 2004

Myndirnar tóku TF3AO, TF3GW og TF5BW

